



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur 23. júní 2014, kl. 10:00 í Fjölheimum á Selfossi

Mætt: Ása Valdís Árnadóttir, Elva Dögg Þórðardóttir, Gunnar Þorgeirsson, Margrét Runólfsdóttir og Þorvarður Hjaltason. Sigrún Kapítola Guðrúnardóttir í símanum og Dagný Hulda Jóhannsdóttir og Ragnhildur Sveinbjarnardóttir sitja einnig fundinn og ritar Ragnhildur fundargerð.

Fundarefni:

1. Vefmál Markaðsstofu Suðurlands

Markaðsstofa Suðurlands heldur úti þremur vefsíðum, www.south.is, www.markadsstofa.is og www.winterwonderland.is. Auk þess á markaðsstofan www.visitsouthiceland.is en sú slóð vísar í dag inn á winterwonderland.is síðuna.

Ákveðið var að kanna möguleikana á því að færa efni af markadsstofa.is á south.is og að winterwonderland.is verði undirsíða á endurbættum south.is.

2. Ferðasýningar og vinnstofur á vegum Íslandsstofu 2014/2015

Ræddir voru kostir og gallar ýmissa sýninga á yfirliti frá Íslandsstofu. Framkvæmdastjóra falið að leita álits og ráðlegginga frá Davíð og öðrum samstarfsaðilum áður en ákvörðun um þáttöku er tekin.

3. Samningar við sveitarfélög

Samstarfssamningar við sveitarfélögin á Suðurlandi eru lausir um næstu áramót og samþykkt er að framkvæmdastjóri sendi inn formlegt erindi til allra sveitarstjórna.

4. Merking Suðurstrandarvegur

Rætt hvort það sé hlutverk Markaðsstofunnar að benda Vegagerð á að bæta megi merkingar inn á Suðurstrandarveg, sérstaklega vestan megin frá. Merkingar skortir við afleggjara á Grindavíkurveg og einnig innanbæjar í Grindavík. Samþykkt var að Dagný hefði samband við Vegagerðina.

5. Samantekt af fundum með aðilum

Frá því að Dagný hóf störf hefur hún hitt nokkra af aðilum Markaðsstofunnar og fengið þeirra sýn á starfsemi Markaðsstofunnar. Farið var yfir það helsta sem kom fram í þessum samtölum. Ákveðið var að í haust yrði farið af stað í vinnu við að uppfæra stefnu Markaðsstofunnar og í tengslum við þá vinnu verði haldnir vinnufundir með aðilum. Dagný lagði einnig til að send yrði út netkönnun til aðila Markaðsstofunnar með haustinu.

6. Önnur mál

Þorvarður kynnir námskeið tengt ferðapjónustu sem SASS ætlar að standa fyrir í haust.